

Stjórnarfundur Leiknar: Föstudaginn 28. september 2018 kl.12-14.

Staður: Árleyni 22, 112 Reykjavík, Lbhí

Mætt: Guðrún Vala Elísdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir. Helgi Þ. Svavarsson, Ólafur Ástgeirsson og Helga Gísladóttir boðuðu forföll.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Aðalstjórn

Guðrún Vala Elísdóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, formaður.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Mími símenntun, varaformaður

Guðrún Lárusdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands, gjaldkeri

Helgi Þ. Svavarsson, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, ritari

Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis, meðstjórnandi

Varamenn

Helga Gísladóttir, Fjölmennt

Ólafur Ástgeirsson, Iðunni fræðslusetri

2. Störf framundan

Stefnt á að hafa næsta fund 16. nóvember í Borgarnesi. Einnig verða tveir fundir eftir áramót auk tölvusamskipta, dagsetningar ekki ákveðnar að svo stöddu.

3. Hlutverk Leiknar

Formaður minnti á samþykktir Leiknar og umræða spannst um hvort þyrfti að fara að endurskoða þær, og hvort þær væru orðnar of gamlar.

4. Staða fjármála

Skv. gjaldkera á Leikn 1.191.721 kr. á debet reikningi og 120.917 kr. á fyrirframgreiddu kreditkorti. Öll árgjöld aðildarfélaganna hafa verið greidd.

5. Verkefni síðasta starfsárs

Rifjuð voru upp helstu verkefni Leiknar frá síðasta ári.

1. Eftirfarandi fjarfræðsluerindi voru haldin:

Þriðjudagur 10. október 2017: Helen Grey hjá Iðunni fræðslusetri kynnti verkefnið VISKA (Visible Skills of Adults) sem er Erasmus+ (KA3) stefnumótunarverkefni fjögurra landa. Í verkefninu er sjónum beint að því forgangatriði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda.

Priðjudagur 7. nóvember 2017: Haukur Harðarsson fjallaði um „Hæfnisetur ferðapjónustunnar“. Það er verkefni sem er vistað hjá Fræðslumiðstöð atvinnuvinnulífsins. Haukur fór yfir hlutverk, fjármögnun hugmyndafræði og helstu verkefni Hæfniseturs ferðapjónustunnar.

Priðjudagur 16. janúar 2018: Helgi Þorbjörn Svavarsson sagði frá og kynnti niðurstöður rannsóknarinnar „Inclusion of refugees through non-formal education“ sem gerð var á Norðurlöndunum og styrkur fékkst í frá Norrænu ráðherranefndinni.

Priðjudagur 13. febrúar: Rut Magnúsdóttir og Anney Þórunn Þorvaldsdóttir verkefnastjórar hjá Mími, fjölluðu um námskeið í upplýsingatækni „Integrating ICT and new technologies into teaching and education“ sem þær sóttu til Tenerife haustið 2017. Námskeiðið var liður endurmenntun starfsmanna Mímis sem Erasmus+ styrkur fékkst til.

Priðjudagur 13. mars 2018: Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri flutti erindi um starfsemina hjá Endurmenntun Lbhí.

Priðjudagur 17. apríl 2018: „Fjórða iðnbyltingin!“ Ólafur Andri Ragnarsson, aðjúnkt við HR fjallaði um hvað átt er við þegar talað er um fjórðu iðnbyltinguna.)

2. Leikn var ekki með í endurskoðun framhaldsfræðslulaga, þrátt fyrir að óska eftir því við ráðuneytið, og senda erindi vegna þessa.
3. Aðalfundur var haldinn 24. apríl í samfloti með Kvasi í Stykkishólmi. Því miður var ekki grundvöllur fyrir neinu fræðsluerindi að þessu sinni og Leiknarfélögum bauðst ekki að taka þátt í dagskrá með Kvasi.
4. Heimasíðumál hafa verið hægt og bitandi að taka á sig mynd, en ný heimasíða var unnin á síðasta starfsári.
5. Önnur verkefni sem Leikn tekur þátt í eru: www.viskaproject.eu. Verkefnið gengur út á að draga úr ósamræmi á mati á þekkingu, menntun og hæfni innflytjenda, hælisleitenda og flóttamanna. Þetta er gert til að auka möguleika þessara hópa á að fá starf við hæfi og stytta leið þeirra að vinnumarkaðinum eða hvetja þá til þess að ljúka námi. Hægt er að fá nánari upplýsingar um verkefnið á Guðrún Vala er fulltrúi Leiknar og Helgi Þ. Svavarsson er varamaður.

6. Erlent samstarf

1. Norrænn samstarfsfundur í Stokkhólmi - EAEA fundur – norræni-baltneski hluti EAEA. 18.-19. júní 2018 í Stokkhólmi.

Í gegnum tíðina hefur norræni hluti EAEA samtakanna (European Association for the Education of Adults) hist tvisvar á ári og á annan fundinn hefur fulltrúum baltnesku þjóðanna verið boðið að taka þátt. Vorfundur 2018 var haldinn í Stokkhólmi dagana 18.-19. júní, þar sem David Samuelsson framkvæmdastjóri hjá Studieförbunden (www.studieforbunden.se) var gestgjafinn.

Fundinn sóttu tveir fulltrúar Leiknar, Guðrún Vala Elísdóttur formaður Leiknar og Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri Leiknar. Að auki mættu Gro Holstad og Astrid Krohn frá VOFO í Noregi, Per Paludan Hansen formaður EAEA og Trine Bendix Knudsen frá Den Danske Folkeoplysning Samråd (DFS) í Danmörku, Henrika Nordin frá Bildningsalliansen í Finnlandi, Jyrki Ijas frá Folk Highschool movment og Aaro frá

Finnish Adult Education Association Finnlandi. Þá tók Antra Carlson frá NVL einnig þátt í fundinum, sem og Celia Skaarup og Stine Hohwü-Christensen DFS í Danmörku.

Dagskrá 18. júní 2018

Í upphafi fundar eftir að hafa fengið kynningu á starfsemi Studieförbunden tók Antra Carlson frá NVL til máls og fór yfir stöðu mála hjá NVL. Sagði frá flutningi á aðalskrifstofunni yfir til Danmerkur, en NVL mun hafa sínar aðalstöðvar University College í Aarhus næstu 5 árin. Antra talaði um aukið samstarfs NVL við Nordplus og fór yfir helstu verkefni sem eru í gangi og hafa verið að klárast. Nokkur umræða skapaðist um þá þróun á norðurlöndunum að fullorðinsfræðsla sé farin að snúast meira og meira um framhald ofan á fyrri menntun, en grunnmenntun og grunnfærni á ekki auðvelt með að fá framgengi. Þeir sem halda utan um fjármagnið hafa ítrekað skotið á fullorðinsfræðsluna og sagt að þar sé aðallega verið að sinna s.k. „hobbý námskeiðum“.

Í beinu framhaldi af innleggi Öntru var farið yfir stöðu mála í hverju landi fyrir sig út frá fyrirframgefnum spurningum sem hvert land fékk til að svara.

- Describe recent developments your organization
- Describe the political situation in your country regarding adult education
- New knowledge or research in the field
- Examples of activities and projects
- Common themes in your country

Sammerkt var hjá öllum þátttökupjóðunum að það er enn þá á brattann að sækja þegar kemur að fjármagni, þó aðeins hafi rofað til. Málefni innflytjenda liggja þungt á öllum, bæði þá varðandi almennt tungumálanám og aðlögun innflytjenda að nýju landi.

Næst var komið að erindi frá Thomas Björkman sem er höfundur bókarinnar The Nordic Secret (<https://www.nordicsecret.org/the-authors/>). Bókin fjallar um hvernig Norðurlandþjóðirnar innleiddu nýja aðferðarfræði þegar kemur að námi. Hugmyndin á rætur að rekja til bæði Þýskalands, Frakklands, Sviss, Bretlands og Bandakíkjana – en upphafið var hjá bændum.

Per Paludan Hansen var næstur en hann er starfandi formaður EAEA samtakanna en á, því miður, ekki sæti í stjórn ICAE sem eru alþjóðasamtökin (International Council for Adult Education). Starfssemin hjá EAEA gengur sinn vanagang. Framundan er ráðstefna og aðalfundur í Eistlandi í lok júní. Þá er unnið að því að fjölga félögum og efla betur austur Evrópu þjóðirnar. Hinsvegar gengur ekki eins vel hjá ICEA, þar ríkir í raun hálfgerð ástand. Stjórnin hefur ekki verið virk og því er alveg ljóst að það þarf að taka ákvörðun á þessu ári hvort halda eigi áfram með ICAE eða láta það í dvala.

Á síðasta ári var gefin út Manifesto (yfirlýsing) um fullorðinsfræðslu í Evrópu sjá: <https://eaea.org/wp-content/uploads/2018/02/manifesto.pdf>

Per Paludan hefur áhuga á því að unnin verði sambærileg yfirlýsing fyrir norrænu löndin og var það rætt á fundinum. Per, Guðrún Vala og Gro skipuð í nefnd til að skoða þetta nánar.

Dagskrá 19. júní 2018

Seinni dagurinn byrjaði á því að David og Trine fjölluðum um nokkur verkefni sem eru í gangi hjá þeim og á Norðurlöndunum.

#ViMástePrata – Verkefnið hefur fengið fjármagn og gengur verkefnið út á að para fólk með mismunandi skoðanir saman í umræðupör og hópa. Verkefnið gengur ekki út á að efna til rifrilda heldur að umræða eigi sér stað um mismunandi málefni.

Handbok for demokrater – Þekking á lýðræði og því hvað það stendur fyrir hefur dvínað. Það fékkst því styrki til að taka saman netta bók sem fjallar um lýðræði út frá mismunandi sjónarhornum.

Friomrode – Nýtt verkefni í Danmörku, þar sem að folhojskolen og efterskolen taka höndum saman. Grunnhugmyndin er einnig hér að útbúa svæði þar sem fólk með mismunandi skoðanir kemur saman og ræðir um hlutina með það fyrir augum að efla sjóndeildarhringing. Markmiðið með þessu er að útrýma hópa- og stéttskiptingu.

Í beinu framhaldi kom Dr. Annika Pastuhov með erindi um sínar rannsóknir. Rannsóknir sem snúa að folkbindning. Att vara och agera medborgare. En etnografisk studie i forlbildande praktiker (Að vera og vera virkir meðborgarar). Ritgerðina má finna hér:

www.doria.fi/bitstream/handle/10024/149218/pastuhov_annika.pdf?sequence=2&isAllowed=y

Medborgarskap i folkbildning? (Ríkisborgararéttur í fullorðinsfræðslu?). Verkefni sem er einnig nýtt en talið mjög mikilvægt til að brjóta niður þá múra sem nú þegar eru komnir á milli innfæddra og nýbúa.

Að lokum var ákveðið að næsti fundur hópsins yrði haldinn á Íslandi í viku 3 árið 2019. Ísland var síðast með fund hér á landi vorið 2014. Á fundi fyrir ári síðan var ákveðið að formennska í hinum norræna væng EAEA myndi fylgja formenskunni í norrænu ráðherranefndinni, en Ísland tekur við forystu þar í upphafi árs 2019. Formennska í norræna hluta EAEA færir því yfir til Íslands í janúar 2019.

2. Ársfundur EAEA í Tallin.

Aðalfundur EAEA (European Association for the Education of Adults) var haldinn 27.-28. júní s.l. í Tallin í Eistlandi, í samfloti með Grundtwig verðlaunahátíðinni og hinni árlegu ráðstefnu EAEA sem bar yfirskriftina „Diverse approaches to cooperations and partnerships“. Guðrún Vala Elísdóttir formaður Leiknar sótti fundinn.

Ársfundurinn var með hefðbundnu sniði, hófst á því að formaðurinn Per Paluda, ásamt fulltrúum Eista ávarpaði fundargesti. Síðan var gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa.

1. Samþykkt fundargerð frá síðasta ársfundi sem haldinn var 27. júní í Girona á Spáni

2. Kynning og samþykkt ársskýrslu 2017

3. Kynning og samþykktir ársreikninga 2017

4. Kynning og samþykki á nýjum aðildarfélögum

- Educational & Cultural Center Bozidarac – Serbia
- Familles Rurales - Regional Federation of Pays de la Loire – France
- Educational Training Centre for Professional and Working Skills – Serbia

- Université Pour Tous du Tarn – France
- An Cosan – Ireland
- Coimbra Higher Education School - Polytechnic Institute of Coimbra CHES/PIC - Portugal
- Clubhouse Europe – Netherlands

5. Kynning og samþykki á því að segja upp aðildarfélögum sem hafa ekki greitt árgjöldin

- Ministry of Education & Culture of Republic of Srpska - Bosnia and Herzegovina
- International Platform for Citizen Participation (IPCP) - Bulgaria
- University of Cibalea - Croatia
- Union Peuple et Culture - France
- Kerry Action for Development Education - Ireland
- IRSEF - Istituto di Ricerca e studi per l'Educazione e la Formazione - Italy
- Kosovo Pedagogical Institute - Kosovo
- HYDRA - Turkey
- Borys Grinchenko Kyiv University - Ukraine
- Associazione Cultura e Culture – Italy

Stofnanir sem hafa ákveðið að segja sig úr EAEA:

- Vlaamse dienst van het katholieke volwassenenonderwijs (VDKVO) – Belgium
- Arci Solidarieta Caserta - Italy
- Tia Formazione - Italy
- Fund of Further Education - Czech Republic
- Ecett-Networks - Belgium
- Sumnal Association for development of the Roma Community in Macedonia - Macedonia

6. Kynning og samþykki á nýjum reglum um aðild

Þegar stjórn hefur samþykkt ný aðildarfélög fær hvert nýtt félag reikning fyrir árgjaldi fyrsta hálfu árið hafa fjóra mánuði til að borga. Aðildin verður ekki að fullu gild fyrir en búið er að greiða. Ef aðild er ekki greidd verður hún ógild.

7. Kynning og samþykki á starfsáætlun 2018-19

8. Kynning og samþykki fjárhagsáætlun 2018

Önnur mál

Fundi slitið kl. 17.30

Síðar um kvöldið afhending verðlauna v. Grundtwig

Tónlist og kvöldverður.

Ráðstefna 28. Júní.

Hvað eru partnerar í fullorðinsfræðslunni að vinna að núna? Hvaða nýju tengsl hafa orðið, hvernig er hægt að byggja nýjar leiðir í samstarfi með rafrænum hætti? Þetta eru nokkrar af þeim spurningum sem spurt var um á EAEA ráðstefnunni í Tallinn. EN reyndar var Tallinn valin sem ráðstefnustaður þar sem þar eru dæmi um einstakt samstarf partnara í fullorðinsfræðslu; gott samstarf milli ríkis og einkaaðili í þessum geira.

Terje Haidak, the yfirmaður fullorðinsfræðsludeildar í menntamála og rannsóknar- ráðuneyti Eistlands lagði áherslu á að þetta samstarf hefði mikið vægi í því að auka þátttöku í fullorðinsfræðslu í Eistlandi. Frá árinu 2007 hefði til að mynda þátttaka í símenntun aukist um frá 7% í 17%.

„Sjálfeignarstofnanir miðla þörfum og áhuga fullorðinna til ríkisins í gegnum mismunandi vinnuhópa eða taka þátt í stefnumótun. Sjálfseignarnarstofnanir hjálpa til við að hanna betri stefnu í fullorðinsfræðslumálum“ sagði Terje Haidak og ítrekaði mikilvægi sjálfseignarstofnana (NGO) í því að gera fullorðinsfræðslu vinsla og kynna námstækifæri fyrir fullorðna. Þessar stofnanir þjóna eins og tengill milli ríkisstjórnarinnar og nemenda eða væntanlegra nemenda.

Gott dæmi um slíka vinnu eru ANDRAS, (EAEA aðili) sem hlaut EAEA Grundtvig viðurkenningu 2018 fyrir tengslanet sem hefur gert fullorðinsfræðslu vinsæla í landinu. (Andras og ENAEA eru gestgjafar ársfundarins og ráðstefnunnar).

Samstarf í rafrænum heimi: Soili Meklin (skólastjóri) frá „Snellman Summer University in Finland“ ræddi samstarf og „partnership“ frá því sjónarhorni. Snellman Summer University er gott dæmi um óformlegt fullorðinsfræðslusetur sem hefur tekið stór skref á undanförunum árum til móts við „vel virkandi nám á neti fyrir fullorðna“. Soili Meklin lagði áherslu þörfina fyrir gott samstarf á milli mismunandi aðila og hagsmunaaðila. Þau hafa útbúið heildrænt „ecosystem“ sem býður upp á virkt nám á neti. Samstarf á milli fjármagns- tækni- og kennslufræði- aðila hefur verið nauðsynlegt. Soli minnt á að þrátt fyrir vaxandi þörf fyrir rafræn verkfæri og fjarnám, skyldi mannlegi þátturinn aldrei gleymast í skipulagi á námi. Þ.e. ekkert virkar rafrænt ef mannlega þættinum er sleppt.

Að finna ný sjónarhorn hvað varðar samstarf og partnership. A world café er skipulagt verkefni með samstarf og partnership í forgrunni og þátttakendur fengu tækifæri til að ræða frá ýmsum sjónarhornum. Fyrir utan samstar milli ríkis og einkageirans, og rafrænt samstarf, ræddu hópar um „samstarf við viðskiptalífið, „bottom-up“ samstarf, samstarf um lýðræði, partnerships í „Upskilling Pathways“ og samstarf við aðrar menntastofnanir. „Að styrkja það sem til er og leita eftir nýju samstarfi er nauðsynlegt fyrir fullorðinsfræðsluna í framtíðinni. Um leið þurfum við að vera trú okkar gildum“ sagði formaðurinn Per Paludan Hansen í lokaorðum sínum á ráðstefnunni.

Per, Gro og Guðrún Vala ræddu samstarf að norrænu „manifesto“ og ákveðið að Per hafi yfirumsjón með verkinu. Næstu skref í höndum hans.

7. Fjarfræðsluerindin framundan

Stjórnarmenn Leiknar deila ábyrgð með að finna fræðsluerindi. Nokkrar hugmyndir eru:

- o Epale eða annað frá Rannís?
- o Virk – kynning og tengiflötur við fullorðinsfræðsluna
- o Eitthvað frá ráðuneytinu? (Heyra t.d. í Huldu og fá hugmyndir frá henni)

- o Umfjöllun um Fjölmennt
- o Mímir hefur verið í alþjóðlegum verkefnum – leynist þar eitthvað áhugavert?
- o Vinnumálastofnun var með Erasmus verkefni sem hét/heitir „Efling kvenna á landsbyggðinni í fyrirtækjarekstri“ – væri hægt að fá kynningu á því?
- o Brothættar byggðir – er þar eitthvað áhugavert í því verkefni? Byggðastofnun fékk t.d. Erasmus styrk í þetta verkefni.
- o AMW –Advancing Migrant Women er er innflytjendaverkefnið sem SMV og Bifröst taka þátt í.
- o Verkefni af Austurlandi, NA landi og SA landi – í raun af starfssvæði Austurbrúar.
- o Verkefni af Vestan - þar er nýr forstöðumaður.
- o Símenntun Listaháskólans?
- o Fisktækniskólinn?
- o Erlendir aðilar? David Samuelsson/ Per Paludan Hansen
- o Endurmenntun atvinnubílstjóra – hvernig hefur tekist til? Hvernig er þetta uppbyggt? Hver eru næstu skref? Eiga bílstjórar að fara í gegnum sama pakkann aftur eftir 5 ár?
- o Kynning á Leikn
- o Erasmus+

Ákveðið að byrja á erindi 23. október og athuga hvort Margrét Sverrisdóttir hjá Rannís geti fjallað um EPALE. Formaður sendir henni póst.

8. Norrænn fundur á Íslandi í janúar

15. janúar er fyrirhugaður fundur. Formennskan færir yfir til Íslands, eins og kom fram í fundarlið 6. Byrja þarf að huga að staðsetingu og undirbúningi. Formaður og gjaldkeri skoða það.

9. „Folkbildning as UNESCO intangible heritage“

Eftirfarandi erindi barst Leikn:

„Dear Nordic friends.

The Danish minister of culture has opened for the opportunity to make suggestions for applications of items for the UNESCO representative list of intangible heritage. We are planning to suggest ‘folkeoplysning’ (‘folkbildning’). As I understand it, an application is stronger if more than one country supports it. Therefore I am writing to you.

First step in the long process is for us (DAEA) to fill in the application form and send it as a suggestion to the Danish Ministry of Culture. We are in the process of writing this. For this purpose, we would like the support from you. Maybe you will consider it already at this stage? In any case, I will send you the draft application as soon as it is ready and you can then make a decision. I think it will be ready in the beginning of October. Our deadline for applying is on the 15th of November.

Next step is for our minister/Ministry to decide if Denmark (possibly supported by other countries) will send the application to UNESCO.

Finally UNESCO will decide whether or not 'folkbildning' can be accepted on the list.

If you are interested, you can read more about the Danish process (in Danish) here:

[https://levendekultur.kb.dk/index.php/UNESCOs repræsentative liste over verdens immaterielle kulturarv](https://levendekultur.kb.dk/index.php/UNESCOs_repr%C3%A6sentative_liste_over_verdens_immaterielle_kulturarv). I have also enclosed the application form for your information. I will look forward to hear your opinions. Best regards, Trine.

Lítill tími gafst til að ræða erindið en ákveðið að formaður skoði þetta nánar.

10. Epale

Guðrún Vala er að fara á ráðstefnu til Búdapest í október v. Epale í boði EU. Hún mun setja inn á Epale síðu fréttir o.fl. af vettvangi framhaldsfræðslunnar.

11. Erindi frá SÍBS

SÍBS í samstarfi við Austurbrú og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með stuðningi VIRK hafa unnið námsskránnu "Líf og heilsa, lífssstílsþjálfun" sem var viðurkennd af Menntamálastofnun sem hluti af námsframboði framhaldsfræðslunnar. Fyrsta leiðbeinendanámskeiðið var haldið af SÍBS og Austurbrú á Reyðarfirði í maí og fyrirhugað er að tilraunakenna námsskránnu í haust. Þá taka SÍBS og Austurbrú þátt í Erasmusplus verkefni í samstarfi við aðila í Noregi og Ítalíu sem hefst næsta haust þar sem hugmyndin er að þróa sambærilega þjálfun sem lið í heilsueflingu samfélaga og starfi sjúklingafélaga. Hrönn Grímsdóttir námsráðgjafi og lýðheilsufræðingur er okkar tengiliður hjá Austurbrú.

Ég var að velta fyrir mér hvort Leikn hefði áhuga á að kynna verkefnið fyrir aðilum Leiknar, en verkefnið gæti verið góð leið til að tengja símenntun/fullorðinsfræðslu við verkefni á borð við "Heilsueflandi samfélag" þar sem nálgun/aðferðir fullorðinsfræðslunnar yrðu hafðar að leiðarljósi. Í kjölfar slíkrar kynningar mætti hugsa sér að skipuleggja leiðbeinendaþjálfun fyrir ykkar hóp en næsta námskeið er fyrirhugað hér í Síðumúla 6 mánudagana 10. og 17. september og Leikn er velkomin að senda sinn fulltrúa til að kynna sér verkefnið.

Ákveðið að formaður hafi samband við SÍBS um nánari kynningu og útfærslu. Etv. fjarfræðsluerindi?

12. Önnur mál

Persónuverndarlöggjöfin þetta þarf að skoða en ekki gafst tími til mikilla umræðna.

Manifesto for adult education in the Nordic countries sjá lið 6 í fundargerð.

Rætt um að endurskoða hverjir geta verið aðilar að Leikn og kanna áhuga með fleiri.

Athuga hvort hægt er að fá fund með Huldu í ráðuneytinu – tilgangurinn að gera okkur sýnilegri. Senda jafnframt fyrirspurn v. framhaldsfræðslulaganna.

Hafa samband við nýjan aðila NLV (formaður).

Gera „like“ síðu Leiknar á Facebook (gjaldkeri).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

Guðrún Vala Elísdóttir ritaði fundargerð.

